

Fuglalíf frá Mjóafirði yfir í Ísafjörð

Unnið fyrir Vegagerðina
v/umhverfismats á áhrifum vegaf framkvæmda

Böðvar Þórisson
Hafsteinn H. Gunnarsson
og
Þorleifur Eiríksson

Febrúar 2003
NV nr. 1-03.

ÚTDRÁTTUR

Fuglalíf var athugað frá Hörtná í Mjóafirði að Eyrarhlíð í Ísafirði vegna fyrirhugaðra nýs eða mjög breytts vegstæðis á því svæði.

Svæðið var kannað í júní 2001 en einnig var stuðst við talningar á öðrum tímum. Atferli fugla var kannað og metið hvort um varpfugla væri að ræða eður ei.

Svæðinu var skipt eftir fjörðum og svo í minni einsleit svæði sem voru nefnd eftir staðháttum. Haft var til hliðsjónar leiðir og valkostir Vegagerðarinnar (Vg) við athugunina.

Þrjár leiðir eru nefndar: jarðgöng (leið 1) en hún er of kostnaðarsöm, yfir Eyrarfjall (leið 2) og svo þverun Mjóafjarðar (leið 3). Vg tilnefnir leið 3 sem aðal valkost en henni fylgir auk þverunar Mjóafjarðar, yfir Vatnsfjarðarháls og þverun Reykjarfjarðar.

Á leiðum Vg eru mjög fjölbreytt búsvæði fugla og sáust alls 37 tegundir í athuguninni. Mest voru þetta fuglar sem tengjast votlendi; fjörusvæði, tjarnir og mýri.

Á leið 2 var fjölbreytt fuglalíf frá Eyri og inn í botn Mjóafjarðar en fábreytt upp á Eyrarfjalli. Gróður og leirur verða fyrir umtalsverðu raski á leið 2 en neikvæð áhrif á varpstaði eru lítil.

Leið 3 er til bóta í Vatnsfirði þar sem vegstæði verður flutt á klappir en núverandi vegur verður fjarlægður úr votlendinu.

Æðavarpíð í Hrótey verður fyrir truflun og auðveldara verður fyrir ferfætlinga að komast út í eyna.

Jarðrask og aukin umferðapungu mun hafa nokkur áhrif á fuglalíf á Reykjanesi við þverun Reykjarfjarðar.

Ef farið yrði fyrir Reykjarfjörðinn þá yrði núverandi Reykjanesvegur lagfærður í nánustu framtíð en hann liggur í mun viðkvæmara svæði með tilliti til fugla-, gróðurlífs og jarðhita.

Nokkur fálsaóðul eru á leið Vg, hvort sem leið 2 eða 3 verður fyrir valinu. Ef þess gerist þörf þá væri hægt að byggja ný hreiður á óðalinu fjær veglínu.

Í samanburði á leiðum 2 og 3 eru áhrif á fuglalíf svipuð en munurinn liggur í búsvæðinu. Leirur og gróðurfar verða fyrir umtalsverðu raski á leið 2 en jarðrask í Hrótey og Reykjanesi á leið 3.

Í heild hefur leið 3 lítil neikvæð áhrif á fuglalíf.

EFNISYFIRLIT

Útdráttur	2
EFNISYFIRLIT	3
INNGANGUR	5
AÐFERÐIR.....	5
Svæðaskiptingar	5
Mjóifjörður.....	5
Vatnsfjörður.....	5
Reykjarfjörður.....	6
Ísafjörður.....	6
NIÐURSTÖÐUR.....	6
Einstök Svæði	9
Leið 1 Jarðgöng.....	9
Leið 2 Yfir Eyrarfjall.....	9
Svæði 2. Eyri að Hvaleyri við Heydal.....	9
Svæði 3. Hvaleyri að botni Mjóafjarðar	9
Svæði 4. Frá botni Mjóafjarðar yfir Eyrarfjall.	10
Svæði 5. Frá botni Mjóafjarðar að Hörgshlíð.....	10
Leið 3 Hörtná-Eyrarhlíð	10
Svæði 1. Hörtná.....	10
Svæði 6. Skálavík og svæðið á milli Hruteyjar og Skálavíkur.....	10
Svæði 7. Hrutey.....	10
Svæði 8. Frá Skálavík yfir Vatnsfjarðarháls að Miðhúsum.....	11
Svæði 9. Sveinhúsavatn í Vatnsfirði.....	11
Svæði 10. Tjarnir og mýri í Vatnsfirði nálægt Sveinhúsavatni.....	11
Svæði 11. Sveinhúsanes að Reykjarfjarðarbæ í Reykjarfirði.....	12
Svæði 12. Reykjarfjarðarbær að botni Reykjarfjarðar.....	12
Svæði 13. Frá botni Reykjarfjarðar að vegamótum Reykjanes.....	12
Svæði 14. Vestanvert og miðsvæði Reykjanes.....	12

Svæði 15. Austanvert Reykjanes.....	12
Svæði 16. Svansvík.....	13
Svæði 17. Svansvík að Bjarnarstöðum.....	13
Umræður.....	14
Þakkir.....	15
Viðauki.....	17
Viðauki 1. Tegundir og varpstig eftir reitum Náttúrufræðstofnun Íslands.....	17
Viðauki 2. Djúpvegur nr. 61. Hörtná – Eyrarhlíð.....	19

MYNDIR OG TÖFLUR

Tafla 1. Yfirlit yfir fuglalíf í Mjóafirði og Vatnsfirði eftir svæðum.....	7
Tafla 2. Fuglalíf í Reykjarfirði og Ísafirði eftir svæðum 2001.....	8
Tafla 3. Fjöldi hreiðra hjá æðafugli á ári.....	11
Tafla 4. Tegundir og fjöldi einstaklinga sem sáust út í Hrótey.....	11
Mynd 1. Lómsungi í hreiðri við tjörn austanmegin á Reykjanesi.....	13

INNGANGUR

Vegagerðin (Vg) fyrirhugar að leggja ný eða mjög breytt vegstæði frá Hörtná í Mjóafirði að Eyrarhlíð í vestanverðum Ísafirði. Þrjár leiðir koma til greina (sjá viðauka 2) en ein er of kostnaðarsöm, jarðgöng (leið 1) undir Eyrarfjallið, að hún fellur um sjálft sig. Hinar tvær leiðirnar eru; byggja upp veginn inn Mjóafjörðinn og yfir Eyrarfjall (leið 2) eða þvera Mjóafjörðinn, yfir Vatnsfjarðarháls á milli Skálavíkur og Vatnsfjarðar, og þvera Reykjarfjörðinn (leið 3). Með tilliti til leiðar Vg og útfærslu á þeim, var fuglalíf athugað á svæðinu. Lögð var áhersla hvort um varpugla væri um að ræða, hveru mikilvæg búsvæðin væru fyrir fuglana og reyna að draga ályktun um áhrif framkvæmdanna.

AÐFERDIR

Svæðin voru athuguð 6,7,11,20 og 21 júní 2001. Einnig var stuðst við fuglatalningar 1979 (Arnþór Garðarsson o.fl.1980) og stöðu varpugla samkvæmt gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands (sjá viðauka 1). Talað var við Reyni Bergsveinsson um æðavarp í Hrótey og annað dýralíf. Í desember 2002 var farin dagsferð og athugað á nokkrum stöðum á leið Vg, hvaða tegundir hafa vetursetu. Einnig var talið frá Heydal og að botni Mjófjarðar í júní 1998 og í Vatnsfirði í júlí 1999.

Svæðin voru skipt niður eftir fjörðum og svo í minni einsleit svæði með hliðsjón af örnefnum. Norður er út firðina, Landssund er sunnið vestanmegin við Hrótey, Hróteyarsund er sunnið á milli Hróteyjar og Landshólma, Vatnsfjarðarháls er á milli Skálavíkur og Vatnsfjarðar. Hópið er ósinn í Vatnsfirði.

Fyrirhuguð veglína var gengin og þeir fuglar sem sáust, skráðir og atferli þeirra skoðað til að ákvarða hvort um varpugla var að ræða. Búsvæði voru metin um leið.

Svæðaskiptingar

Í grófum dráttum var svæðinu skipt í Mjóafjörð, Vatnsfjörð, Reykjarfjörð og Ísafjörð. Hver fjörður var síðan skiptur í minni svæði en stundum skarast firðirnir í þessari skiptingu.

Mjóifjörður

- Svæði 1. Hörtná
- Svæði 2. Eyri að Hvaleyri við Heydal
- Svæði 3. Hvaleyri að botni Mjóafjarðar
- Svæði 4. Frá botni Mjóafjarðar yfir Eyrarfjall
- Svæði 5. Frá botni Mjóafjarðar að Hörgshlíð
- Svæði 6. Skálavík og Hróteyarsund
- Svæði 7. Hrótey
- Svæði 8. Frá Skálavík yfir Vatnsfjarðarháls að Miðhúsum

Vatnsfjörður

- Svæði 9. Sveinhúsavatn
- Svæði 10. Tjarnir og mýri nálægt Sveinhúsavatni

Reykjarfjörður

Svæði 11. Sveinhúsanes að Reykjarfjarðarbæ

Svæði 12. Reykjarfjarðarbær að botni Reykjarfjarðar

Svæði 13. Frá botni Reykjarfjarðar að tjörn við vegamót að Reykjanesi

Svæði 14. Vestanvert og miðsvæði Reykjanes

Svæði 15. Austanvert Reykjanes

Ísafjörður

Svæði 16. Svansvík

Svæði 17. Frá Svansvík að Bjarnarstöðum

NIDURSTÖÐUR

Þær tegundir sem sáust í talningum Náttúrustofu Vestfjarða eru birtar í töflu 1 og 2.

Talið var í júní 1998 við Heydal og að botni Mjóafjarðar. Í byrjun og í lok júlí 1999 var talið í Vatnsfirði og á Vatnsfjarðarhálsi. Í desember 2002 bættust við nokkrar tegundir sem hafa vetursetu. Árið 2001 var talið á öllu svæðinu og er tegundasamsetningin sýnd í töflu 1 eftir svæðum. Þær tegundir, sem sáust ekki 2001 en komu fram í talningum á öðrum tíma, eru í sviga (Tafla 1 og 2). Svæðaskiptingu var lýst í texta hér á undan.

Engin stórvægileg breyting var á milli talninga ára og tegundasamsetningin mjög lík á milli Eyrar og Heydals. Á svæði 3 var mesti fjölbreytileikinn í fuglalífi í Mjóafirði og endurspeglar það fjölbreytt búsvæði eins og birkiskógur í botnshlíð og leirur inn í botni. Talsvert er af kræklingi á leirunum og einhver dreif af sandmaðki (Agnar Ingólfsson 1984). Það sáust 22 tegundir 2001, en einnig sást stökkönd og hettumáfur árið 1998.

Svæði 2 og 3 skarast að því leyti að t.d. kría sem verpir á svæði 3 var við æti á svæði 2. Samtals hafa sést 29 tegundir á svæði 2 og 3 til samans í talningum 1998 og 2001.

Dílaskarfur, toppönd, hvítmáfur og hrafn sáust í desember 2002 á svæði 10 en ekki í júní 2001. Tveir fálkar sáust við leik á Vatnsfjarðarnesi 1999. Þrjár aðrar tegundir sáust 1999 en ekki 2001 en það var einungis einn fugl af hverri tegund.

Umferðafuglarnir voru farnir þegar talið var en gulendur og talsvert af vaðfuglum hafa sést á vorin á svæði 3 (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980) en þúsundir rauðbrystingar hafa sést utar í firðinum (Þorleifur Eiríksson 1998).

Í mýri og tjörnum í Vatnsfirði (svæði 10) sáust flestar tegundir á einu svæði. Afar litlar leirur eru í Vatnsfirði en á móti kemur mjög góð búsvæði fyrir and- og vaðfugla. Ekki er ólíklegt að fleiri andategundir séu á þessu svæði þó svo ekki hafi þær komið fram í talningum í þetta skipti.

Tafla 1. Yfirlit yfir fuglalíf í Mjóafirði og Vatnsfirði eftir svæðum.

Tegund	Latneskt heiti	Svæði	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Lómur	<i>Gavia stellata</i>				x							
Himbrimi	<i>Gavia immer</i>				x							x
Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>											(x)
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>			x		x					x	x
Grágæs	<i>Anser anser</i>				x			x	x	x		
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>			x	(x)			x	x	x		x
Æður	<i>Somateria mollissima</i>		x	x	x			x	x	x	x	x
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>				x							
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>				x							x
Urtönd	<i>Anas crecca</i>											x
Duggönd	<i>Aythya marila</i>										(x)	
Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>											x
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>			x				x			x	(x)
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>											(x)
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>		x	x	x			x	x		x	x
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>			x	x			x			(x)	x
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>		x	x	x	x		x		x		x
Lóuþræll	<i>Calidris alpina</i>			x	x			x				x
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>			x	x							(x)
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>			x	x	x			x	x		x
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>											x
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>				x	x				x		x
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>			x	x	x	x	x	x	x	x	x
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>			x							x	x
Kjóí	<i>Stercorarius parasiticus</i>					x						
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>			x	(x)						x	x
Svarbakur	<i>Larus marinus</i>				x							x
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>			x				x		x		(x)
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>			x	x			x	x	x	(x)	x
Lundi	<i>Fratercula arctica</i>							x				
Teista	<i>Cepphus grylle</i>			x				x	x			
Þúfuttlingur	<i>Anthus pratensis</i>		x	x	x	x		x	x	x		x
Mariuerla	<i>Motacilla alba</i>			x	x							
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>				x	x			x	x		(x)
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>			x	x	x		x				x
Músarindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>											(x)
Hrafn	<i>Corvus corax</i>				x							(x)
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>				x	x		x		x		
Fjöldi tegunda	Árið 2001		4	19	22	10	6	14	10	9	7	21
Samtals	1998, 1999, 2001, 2002		4	19	24	10	6	14	10	9	10	29

Tafla 2. Fuglalíf í Reykjarfirði og Ísafirði eftir svæðum 2001.

Tegund	Lanteskt heiti	Svæði	11	12	13	14	15	16	17
Lómur	<i>Gavia stellata</i>					x	x		
Himbrimi	<i>Gavia immer</i>			x					
Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>			x		x			
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>					x	x		x
Grágæs	<i>Anser anser</i>			x		x			x
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>			x		x	x		
Æður	<i>Somateria mollissima</i>		x	x		x	x		x
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>						x		
Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>						x		
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>		x	x		x	x		x
Haförn	<i>Haliaeetus albicilla</i>								x
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>								(x)
Rjúpa	<i>Lagopus mutus</i>								x
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>			x		x	x	(x)	x
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>		x	x		x	x		x
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>		x	x		x	x	(x)	x
Louþræll	<i>Calidris alpina</i>			x	x	x	x		x
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>				x		x		
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>		x			x	x	(x)	x
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>					x			
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>					x	x		x
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>		x	x	x	x	x		x
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>			x		x			
Kjói	<i>Stercorarius parasiticus</i>					x			
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>			x					
Svarfbakur	<i>Larus marinus</i>			x		x			x
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>			x					
Ógr. máfur	<i>Larus spp.</i>						x		
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>		x	x		x	x	x	x
Lundi	<i>Fratercula arctica</i>		x						
Teista	<i>Cephus grylle</i>		x				x		
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>		x	x		x	x	(x)	x
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>			x		x		(x)	x
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>							(x)	x
Hrafn	<i>Corvus corax</i>						x	(x)	
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>					x	x		x
Fjöldi tegunda	2001		10	18	3	22	21	1	20
Samals fjöldi	1999, 2001 og 2002		10	18	3	22	21	8	21

Fálkinn á milli Bjarnarstaðar og Svansvíkur sást í desember 2002 (svæði 17). Hátt upp í hlíðinni fyrir ofan Bjarnarstaði sást örn. Við Svansvík var lögð áhersla að telja kríurnar (um 1100), en aðrar tegundir voru taldar sumarið 1999.

Það eru engar leirur í Reykjarfirði en þar eru vogar, þangfjörur, ísaltar og ferskar tjarnir. Á Reykjanesinu eru góð búsvæði fyrir fjölbreytt fuglalíf. Flestar tegundir sáust á Reykjanesinu (svæði 14 og 15) og við Reykjarfjarðarbæ (svæði 12). Umferðafuglar komu fram í vortalningum 1979, þá voru 1210 rauðbrystingar inn í Reykjarfirði og 78 tildir austanmegin á Reykjanesinu (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980).

Samtals sáust á leiðum Vg, 37 tegundir 2001 og 40 tegundir ef öll árin eru tekin saman, sem verður að teljast gott miðað við að 45 tegundir eru skráðar í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir þessa reiti (Kristinn Haukur Skarphéðinsson bréfl. upplýsingar).

Sumarið 2001 sáust stelkar oftast þ.e. 16 af 18 svæðum. Líklegt er að hann sé á þeim tveimur svæðum sem hann sást ekki, Svansvík og við Hörtná. Þúfutittlingar sáust á 14 svæðum, kríur og æðafugl sáust á þrettán. Allt eru þetta stórir stofnar sem sáust oftast og eru áberandi við fuglatalningar. Þær tegundir sem sáust sjaldnast eru litlir stofnar eða fela sig vel eins og rjúpan. Einnig var kjörlendi sumra tegunda sjaldan á þeirri leið sem athugendur skoðuðu.

Einstök Svæði

Vegagerðin setur eina leið, leið 3, sem aðalmöguleika og fjóra valkosti við þá leið. Hinar tvær leiðirnar eru: (leið 1) jarðgöng undir Eyrarfjall, (leið 2) uppbygging vegar yfir Eyrarfjall.

Leið 1 Jarðgöng

Nýtt eða mjög breytt vegstæði yrði lagt frá Hörtná að botni Mjóafjarðar og jarðgöng undir Eyrarfjallið. Vegna þess hvað jarðgöng eru kostnaðarsöm þá er þessi leið ekki á dagskrá, en fuglalíf frá Hörtná að botni er lýst í leið 2.

Leið 2 Yfir Eyrarfjall

Nýtt vegstæði eða mjög breytt verður lagt á svæði 1-4. Svæði 1 breytist líka við leið 3 og verður fjallað um það í þeim kafla. Svæði 5 breytist ekkert við hvoruga leiðina en það er tekið fyrir hérna líka.

Svæði 2. Eyri að Hvaleyri við Heydal

Svæðið nær frá Eyri og inn fyrir leirurnar við Heydal. Við Eyri var mest af æðafugli en næst komu kríur, stelkar og þúfutittlingar. Samtals voru 17 tegundir við Eyri og 177 fuglar í júní 2001. Við Heydal voru 17 tegundir í júní 2001 og þar af var mest af kríu, æðafugli, tjaldi og sendlingi. Fuglalíf var svipað á þessum stöðum og alls sáust 21 tegund. Tegundasamsetningin var svipuð 1998 og 2001 við Heydal og helsta breytingin var að álfirnir fóru úr 24 niður í eina.

Svæði 3. Hvaleyri að botni Mjóafjarðar

Hér er eitt fjölskrúðugasta fuglalífið á leið 2. Leiran í Mjóafirði er rík af kræklingi (Agnar Ingólfsson 1984) því mætti búast við meira af æðafugli en sást 1998 (0) og 2001 (8). Æðavarp er utar í Mjóafirðinum og þá aðallega í Hrótey og Þernuvík. Þetta svæði er því að líkindum mest notað utan varptímans. Í desember 2002 sáust æðafuglar með 100

til 200 fuglum við Heydal og með botnshlíðinni. Vaðfuglar eru áberandi á leirunum og voru sendlingar í meirihluta bæði 1998 (40) og 2001 (94). Tjaldur, stelkur, sandlóa, skógaþröstur og kría eru að nota leirurnar í nokkru mæli. Straumendur sáust þarna 2001 og er ekki ólíklegt að hún verpi upp með botnsánni.

Svæði 4. Frá botni Mjóafjarðar yfir Eyrarfjall.

Mófuglar voru í meirihluta á þessu svæði, með mest af skógaþresti og eftir koma heiðlóa, þúfutittlingur og snjótittlingur. Fáeinir álftrir sáust á pollum upp á heiðinni og þrír kjóar á flugi. Þéttleikinn var lítill og alls sáust tíu tegundir og eru þær algengar í náttúru Íslands.

Svæði 5. Frá botni Mjóafjarðar að Hörgshlíð

Fáar tegundir sáust á þessu svæði eða fimm. Mest var af æðafugli en af öðru voru fáeinir fuglar.

Leið 3 Hörtná-Eyrarhlíð

Þetta er leiðin sem Vg telur hagkvæmust. Ný vegstæði á þessari leið er yfir Mjóafjörð, Vatnsfjarðarháls, Reykjarfjörð og á Reykjanesi. Einnig eru styttri ný vegstæði eins og í Vatnsfirði og við Bjarnarstaði. Fjórir valkostir eru við þessa leið en einungis tveir sem eru líklegir; út fyrir Vatnsfjarðarnesið í stað yfir Vatnsfjarðarháls og fara fyrir Reykjarfjörðinn í stað yfir hann. Hinir tveir kostirnir eru óhagkvæmir og hafa ekki minni áhrif á umhverfið.

Svæði 1. Hörtná.

Á þessu svæði er áætlað að setja vegfyllingu frá vestanverðum Mjóafirði yfir Landssundið að Hrótey. Það sáust ekki nema fjórar tegundir og mest var að æðafugli. Fáir einstaklingar var af hinum tegundunum og eru þetta allt algengir fuglar í íslenskrí náttúru. Mjög grunnt er á þessu svæði og fara trillur um Landssundið á flóði.

Svæði 6. Skálavík og svæðið á milli Hróteyjar og Skálavíkur.

Það sáust 15 tegundir og mest var að æðafugli eða 97. Grágæsin kom næst með 17 fugla en samtals sáust 189. Allt eru þetta algengir varpfuglar á Íslandi.

Svæði 7. Hrótey.

Vestanmegin við Hrótey verður lögð vegfylling yfir sundið en austanmegin verður Hróteyarsundið brúað. Það sáust tíu tegundir í eygni og var æðafuglinn í meirihluta. Hreiður hjá æðafuglinum voru talin en líklegt er að einhverjar kollur hafi verið búnar að koma sínum ungum út á sjó. Í töflu 3 sjást talningar á hreiðrum samkvæmt Reyni Bergsveinssyni fyrir utan árið 2001 en þá sáu starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða um talningu.

Tafla 3. Fjöldi hreiðra hjá æðafugli á ári.

Ár	Fjöldi Hreiðra
1993	140
1994	185
1995	100
1996	165
1997	150
2000	140
2001	39

Árin 1998 og 1999 vanta í talninguna.

Tafla 4. Tegundir og fjöldi einstaklinga sem sáust út í Hrótey.

Tegund	Fjöldi	Lýsing
Grágæs	-	Hreiður með 6 eggjum
Stökkönd	-	Hreiður
Tjaldur	5	Tvö pör
Hrossagaukur	5	Eitt par
Stelkur	3	
Kría	7	Hreiður með 2 eggjum
Teista	12	
Þúfutittlingur	7	Hreiður
Steindepill	1	

Að sögn Reynis Bergsveinssonar þá voru fjórir minkar (*Mustela vison*) drepnir við Skálavík og þar af einn í Hrótey (Reynir Bergsveinsson munnl. heimild). Minkurinn kemst út í Hrótey á sundi en refurinn (*Alopex lagopus*) virðist ekki fara þangað.

Svæði 8. Frá Skálavík yfir Vatnsfjarðarháls að Miðhúsum.

Frá Skálavík yfir Vatnsfjarðarháls að Miðhúsum er ætlun að leggja nýtt vegstæði yfir óraskað land. Samtals sáust tíu tegundir á þessu svæði og uppistaðan voru mófuglar með heiðlóu og steindepil í meirihluta. Fjöldinn var ekki nema 58 fuglar og eru þetta algengar tegundir á Íslandi.

Svæði 9. Sveinhúsavatn í Vatnsfirði.

Fyrir miðja síðustu öld var mikil fiskgengd í vatninu. Sandhryggur, sem hindraði flæði inn í vatnið, var notaður í vegfyllingu vegna vegaframkvæmda um það leiti. Saltprósantan fór úr 5-10% upp í 70-80% og veiði datt niður (Anon 1974). Ýmislegt hefur verið reynt til að endurlífga vatnið og eru í dag þar góð fæðuskilyrði en vatnið er samt vansetið (Sigurður Már Einarsson 1989). Fáir fuglar voru á vatninu og aðeins sjö tegundir. Vatnið verður ekki fyrir röskun vegna vegaframkvæmda.

Svæði 10. Tjarnir og mýri í Vatnsfirði nálægt Sveinhúsavatni.

Þetta svæði er fjölbreyttast á leið Vg með tilliti til fuglalífs. Tjarnir, mýrar, vatn, ós og litlar leirur. Það sáust 21 tegund við tjarnirnar og mýrina júní 2001 og fálkar að auki við Vatnsfjarðarnesið 1999. Í desember 2002 bættust við fjórar tegundir en þær voru við

ströndina. Þetta er kjörlendi fyrir and- og vaðfugla og voru þeir í meirihluta þarna. Óvíst er að allar andategundir hafi sést í yfirferðinni í júní 2001 þar sem oft er erfitt að finna hreiður og sjá suma fugla í þessu búsvæði. Athyglisvert var að það sást jaðrakanapar og miðað við árstíma þá er ekki ólíklegt um varpfugla hafi verið að ræða. Samtals sáust 22 tegundir á svæði 9 og 10 sumarið 2001 og 30 tegundir þegar árin 1999 og 2002 eru tekin með.

Vg mun leggja nýjan veg að mestu leyti á klappir á þessu svæði og fjarlægga gamla veginn. Þetta mundi tengja saman mýrina sem er núna skipt vegna vegarins. Einnig verður byggð ný brú fyrir neðan núverandi brú yfir Hópið.

Svæði 11. Sveinhúsanes að Reykjarfjarðarbæ í Reykjarfirði.

Með þverun Reykjarfjarðar yrði farið með vegstæði fyrir utan Reykjarfjarðarbæ, nánar tiltekið við Laufskálaeyri. Það sáust tíu tegundir á þessu svæði og mest var af kríu eða 57 fuglar. Krían verpir fyrir ofan veg rétt fyrir utan bæin Reykjarfjörð og hefur lagning nýs vegastæðis lítil eða engin áhrif á hana hvort sem verður farið yfir Reykjarfjörð eður ei. Með þverun raskast Laufskálaeyri og einhver hluti af fjörusvæði fyrir utan eyrina.

Svæði 12. Reykjarfjarðarbær að botni Reykjarfjarðar.

Alls sáust 18 tegundir á þessu svæði. Æður, kría og stelkur voru í meirihluta og markverðast sem sást voru tveir himbrimar. Þangfjörur, klappir og fjörupollar eru einkennandi fyrir þetta svæði og svo eru leifar af fiskeldislóni inn í botni. Þar var grjótgarður lagður á rif til að mynda lónið en annað var látið óhreyft (Marinó Hákonarsson munnl. heimild). Ef farið verður yfir Reykjarfjörðinn þá er tillaga frá Vg um að fjarlægga grjótgarðinn, en ef farið verður fyrir fjörðinn þá verður lagt nýtt vegstæði yfir hann.

Svæði 13. Frá botni Reykjarfjarðar að vegamótum Reykjanes.

Lítið fuglalíf á þessu svæði og ekki nema þrjár tegundir.

Svæði 14. Vestanvert og miðsvæði Reykjanes.

Núverandi Reykjanesvegur liggur austanmegin á nesinu en Vg leggur til að leggja nýjan veg upp á klapparholtum vestanmegin. Fjölskrúðugt fuglalíf er á þessu svæði og alls sáust 22 tegundir. Allt eru þetta líklegir varpfuglar á svæðinu nema dílaskarfurinn og jaðrakan þar sem síðastnefndi var einn á ferð. Mest var af æður og þar á eftir komu lóupræll, heiðlóa, þúfutittlingur og stelkur. Lómapar sást með unga rétt austan við fyrirhugað vegstæði og einnig var þar kjóapar. Fáeinar kríur sáust en það er stórt varp við Svansvík í Ísafirði og lítið varp við Reykjarfjarðarbæ í vestanverðum Reykjarfirði. Fyrirhugað vegstæði mun fara yfir nokkur ódul snjótittlinga og steindepla en það voru fáir fuglar af þessum tegundum. Vegstæðið ætti ekki að hindra för lómsins þar sem það er auðveldara að fara austur fyrir.

Svæði 15. Austanvert Reykjanes.

Mun fleiri fuglar sáust austanmegin en færri tegundir eða 21. Samsetningin var svipuð en það bætast við tvær andategundir; skúfönd og hávella. Lómur sást og var hann með einn



Mynd 1. Lómsungi í hreiðri við tjörn austanmegin á Reykjanesi.

Myndarhöfundur: NV/HHG

unga og eitt egg í hreiðri í tjörn rétt austan við núverandi veg (mynd 1). Hávellan var með hreiður og fundust egg í því. Í maí 1979 taldi Ólafur K. Nielsen 23 tegundir austanmegin á Reykjanesinu (Ólafur K. Nielsen munnl. heimild) og var svipuð samsetning þá og 2001. Straumönd og tildra var það eina sem gat talist frábrugðið en eðlilegt miðað við árstíma. Á móts við Reykjanesið í austanverðum Ísafirði, frá Nauteyri að Kaldalóni, er svæði sem er mikið notað af vaðfuglum, umferðafuglum og sem fellistöðvar andfugla. Samkvæmt talningum úr flugvél árið 1990 voru á 847 vaðfuglar á Nauteyri. Rauðbrystingar (*Calidris canutus*) og sendlingar voru til helminga, en til samanburðar voru 50 sendlingar á Reykjanesinu (Arnþór Garðarsson munnl. heimild). Núverandi Reykjanesvegur er austanmegin á nesinu og liggur hann í gegnum fjölbreytt svæði og hefur það mikið náttúruverndargildi.

Svæði 16. Svansvík.

Fyrir neðan veg rétt innan við bæinn Svansvík er nokkuð stórt kríuvarp og voru um 1100 fuglar júní 2001. Mest sást af þúfutittlingi sumarið 1999 en fáar tegundir sáust og fjöldi lítill fyrir utan kríuna.

Svæði 17. Svansvík að Bjarnarstöðum.

Alls sáust 20 tegundir á þessum vegkafla. Svipað var af æðafugli og vaðfugli en einnig sáust 34 álfir á túni við Bjarnastaði. Í desember 2002 sáust 3 tegundir sem ekki komu fram í talingum júní 2001; díflaskarfur, teista og ungur fálki.

Vg leggur til að þvera Reykjafjörðinn og þá eru það svæði 14 og 15 inn í myndinni annars eru það svæði 12 og 13.

UMRÆÐUR

Fuglalíf á leiðum Vg var mjög fjölskrúðugt og þá helst innarlega í Mjóafirði, í Vatnsfirði og í Reykjanesi. Þær tegundir sem voru með mestan fjölda eru algengar í íslenskrí náttúru.

Æðafugl var áberandi í Mjóafirðinum enda er æðavarp í Hrótey og Þernuvík. Nýtt vegstæði yfir Hrótey mun hafa áhrif á fuglalíf þar. Jarðrask verður vegna vegstæðisins og æðavarpíð verður fyrir truflun, því er líklegt að varpið minnki um framkvæmdatímann. Auðveldara verður fyrir töfu og mink að komast út í Hrótey en sá síðast nefndi fer nú þegar út í eyna. Vegurinn tekur pláss frá æðafuglinum en umferð um hann ætti ekki hafa mikil áhrif þar sem það eru dæmi um æðavörp í mikilli nálægð við umferðapung svæði; kaupstaði og flugvelli (Jónas Jónsson 2001).

Vg fer með nýtt vegstæði yfir Vatnsfjarðarháls en þar voru fáar tegundir og þéttleiki lítill. Áhrif á fuglalíf yrðu minniháttar.

Í Vatnsfirðinum verður nýtt vegstæði að öllum líkindum til bóta fyrir fuglalíf á staðnum. Þar verður nýtt vegstæði flutt á klappir og núverandi vegur verður fjarlægður út úr votlendinu. Votlendið stækkar og hefur það jákvæð áhrif á fuglalíf á svæðinu. Ný brú verður byggð fyrir neðan núverandi brú og með því að setja þröskuld í brúaropið, sem mundi hindra flæði sjávar í vatnið nema á stórstraumsflóði, þá væri hægt að endurheimta fyrra lífkerfi í Sveinhúsavatninu (Sigurðu Már Einarsson 2003).

Þverun Reykjarfjarðar ætti ekki hafa mikil áhrif og þar verða full vatnskipti áfram. Sjávarhæð breytist lítið en meira eftir því sem innar dregur og með minna brúaropi. Vg fyrirhugar að smíða 60 m brú með 40 m óskertu brúaropi. Sjávarhæð á meðalstórstraumsfjöru yrði 4 cm hærra en sú breyting ætti hafa lítil áhrif á fuglalíf þar sem það eru engar leirur í Reykjarfirði. Talsvert andalíf er við þveraða fjarðabotna samanber Dýrafjörð og Skutulsfjörð og ætti Reykjarfjörður ekki að verða undantekning á því. Falleg eyri, Laufskálaeyri, hverfur nánast undir veg við þverunina en fuglalíf var þar lítið. Ekki var athugað hvort hún væri mikilvæg fyrir umferðafugla eða fellistöðvar andfugla en ólíklegt er að svo sé. Í austanverðum Ísafirði, frá Nauteyri að Kaldalóni, fer mikið af umferðafugli um og einnig fellir andfuglinn á því svæði (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980). Reykjarfjörður og Reykjanesið virðist ekki vera eins mikilvægt fyrir þessa fugla og svæðið í austanverðum Ísafirði.

Nýtt vegstæði á vestanverðu Reykjanesi mun hafa áhrif á fuglalíf t.d. vegna jarðrasks og aukins umferðapunga. Leið Vg á Reykjanesinu er samt góð með tilliti til umhverfis þar sem votlendi og viðkvæm fjörusvæði verða ekki fyrir raski. Leiðin fyrir Reykjarfjörðinn ætti að hafa mun minni áhrif. Þá yrði núverandi Reykjanesvegur endurbættur fyrr en seinna og liggur hann í gegnum mun viðkvæmara svæði hvað varðar fugla-, gróðurlíf og hið sérstaka jarðhitasvæði. Í aðalskipulagi Reykjanes við Ísafjarðardjúp 1987-2007, segir í umsögn Náttútuverndarráðs að hún telji fjögur svæði verðmætust á nesinu og eitt af því er „Tjarnarsvæðið á austanverðu nesinu norðan Rauðagarðs” (Skipulag ríkisins 1988).

Ef leið 2 verður valin, inn Mjóafjörðinn og yfir Eyrarfjall, mundu svæði við Heydal, Botnshlíð og yfir Eyrarfjallið, verða fyrir umtalsverðu raski og áhrif þess á fuglalíf að sama skapi. Við Eyri í Mjóafirði er einnig mjög fallett svæði með ísöltum tjörnum en það svæði yrði fyrir litlu raski. Mikið er af heitum uppsprettum í Mjóafirði en þær eru vel þekktar og ætti því ekki að vera vandamál að sneiða framhjá þeim (Jón Benjamínsson 1979).

Heydalsá er mjög frjósöm miðað við vestfirskar ár og eru umhverfiskilyrði mjög hagstæð fyrir laxfiska (Sigurður Már Einarsson og Friðþjófur Árnason 2000). Fjölbreytt búsvæði fugla er á þessu svæði og einkennist fuglafánan af því. Það eru litlar leirur, þangfjörur, tún, klappir og gróðurmikill dalur. Vegaframkvæmdir á þessu svæði hefui aðallega tímabundin áhrif en einhver skerðing yrði af leirunum og varpstöðum kríunnar.

Botnshlíð er birkivaxin og lífmiklar leirur eru í botni Mjóafjarðar. Umtalsvert jarðrask verður á botnshlíðinni og einhver varpóðul mófugla fara undir veg. Leirurnar verða að líkindum fyrir skerðingu og yrði það miður þar sem þetta eru nánast einu leirurnar frá Mjóafirði að Eyrarhlíð í Ísafirði.

Birkivaxin hlíðin Mjóafjarðarmegin upp Eyrarfjallið yrði fyrir umtalsverðu jarðraski en fuglalíf var fábreytt á því svæði, mest skógaþrestir. Áhrif á fuglalíf á Eyrarfjalli og hlíðum þess, yrðu lítil.

Hrútey, Vatnsfjörður og Reykjanes eru viðkvæmir staðir á leið Vg (leið 3) með tilliti til fuglalífs og er ljóst að með rétttri tímasetningu vegaframkvæmda getur Vg dregið stórlega úr neikvæðum áhrifum á fuglalíf. Í Vatnsfirði yrðu framkvæmdir jákvæðar til langstíma en í Hrútey og í Reykjanesi yrðu áhrifin neikvæð en líklega einungis tímabundin.

Þekktir eru varpstaðir fálka um vegkaflann: Djúpveg nr. 61 Eyrarhlíð-Hörtná, og eru nokkrir nærri fyrirhugaðri veglínu Vg, hvort sem leið 2 eða 3 er valin (Ólafur Karl Nielsen bréfl. upplýs. 2003). Ef ný vegstæði verða of nálægt þekktum hreiðurstöðum þá er sá möguleiki fyrir hendi að byggja ný hreiður í klettum á óðalinu fjær vegi og yrði það gert í fullu samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Í heild mun leið 3 hafa lítil áhrif á fuglalíf.

Þakkir

Petrína F. Sigurðardóttir starfsmaður Náttúrustofu Vestfjarða aðstoðaði við athuganir og úrvinnslu. Reynir Bergsveinsson veitti upplýsingar um fugla- og annað dýralíf í Hrútey og nágrenni. Einnig þökkum við Arnþóri Garðarssyni, Ólafi K. Nielsen Kristni H. Skarphéðinssyni fyrir veittar upplýsingar um fuglalíf við Djúpið. Kristján Kristjánsson hafði umsjón með verkefninu fyrir hönd Vegagerðarinnar.

HEIMILDASKRÁ

Agnar Ingólfsson. 1984. Athuganir á leirum Skutulsfjarðar og annara fjarða við Ísafjarðardjúpi. Skýrsla til Ísafjarðarbæjar.

Anon. 1974. Sveinhúsavatn í Reykjafjarðarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Árbók félags áhugamanna um fiskirækt. Setberg 1974 bls: 27-29.

Arnþór Garðarsson, Ólafur Karl Nielsen og Agnar Ingólfsson. 1980. Rannsóknir á fjörum í Önundafirði og víðar á Vestfjörðum 1979: Fuglar og fjörur. Fjölrit nr 12, Líffræðistofnun Háskólans.

Jón Benjamínsson. 1979. Jarðhiti í Ísafjarðarsýslum og Árneshreppi fyrir norðan dranga. Reykjavík, jarðhitadeild Orkustofnunar OS79028/JHD12.

Jónas Jónsson. 2001. Skrá um varpjarðir á Íslandi. Bls 371-475 í: Jónas Jónsson (ritstj.). Æðafugl og æðarrækt á Íslandi. Rit Æðarræktarfélags Íslands. Mál og Mynd, Reykjavík. 528 bls.

Sigurður Már Einarsson. 1989. Fiskirannsóknir í Sveinhúsavatni. veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. VMST-V/89006X. 5 bls.

Sigurður Már Einarsson. 2003. Djúpvegur nr. 61 Eyrarhlíð – Hörtná – umsögn. Veiðimálastofnun. 2 bls.

Skipulag Ríkisins. 1988. Greinagerð við aðalskipulag Reykjanes við Ísafjarðardjúpi 1987-2007. Staðfest 1988.

Þorleifur Eiríksson. 1998. Minnisblað v/Vegagerðar í Ísafirði og Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi. Unnið fyrir Vegagerðina (greinagerð). Náttúrustofa Vestfjarða. Í Kynnisferð um Mjóafjörð og Ísafjörð 3. september 1998. Vegagerðin.

VIÐAUKI

Staða varpfugla í reitum 3340 og 3440 24. ágúst 1998, reitir 3339 og 3439 desember 2002, samkvæmt 10x10 km reitakerfi Náttúrufræðistofnunar Íslands (Kristinn Haukur Skarphéðinsson bréfl. upplýsingar). Fuglar sem sáust í þessum reitum 1998, 1999, 2001 og 2002 í talningum frá Náttúrustofu Vestfjarða (N.V.).


Skýringar: 1: staðfest varp, 2: líklegt varp, 3: hugsanlegt varp, 4/A: gamalt/óreglulegt varp, C:A+3, tegund gæti orpið.

Viðauki 1. Tegundir og varpstig eftir reitum Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tegund	3340		3339		3440		3439	
	Staða	N.V.	Staða	N.V.	Staða	N.V.	Staða	N.V.
Lómur	5	x	C		5		1	x
Himbrimi		x	1				C	x
Dílaskarfur								x
Álft	1	x	1		1	x	1	x
Grágæs	1	x	1	x	1	x	1	
Rauðhöfðaönd					1		1	
Urtönd	5				3		1	
Stökkönd	3	x	1	x	1	x	1	x
Skúfönd							1	x
Duggönd					5		1	x
Æður	5	x	1	x	1	x	1	x
Straumönd	1	x			3		3	
Hávella	2	x			3	x	1	x
Toppönd	3	x	1	x	3	x	1	x
Gulönd	3		3		1		3	
Haförn			A			x	A	
Smyrill	2		2		4		A	
Fálki			1			x	1	x
Rjúpa	1		2		2	x	1	
Tjaldur	1	x	1	x	1	x	1	x
Sandlóa	1	x	1	x	2	x	1	x
Heiðlóa	2	x	2	x	1	x	1	x
Sendlingur	2	x		x	2	x	2	x
Lóupræll	3	x		x	1	x	1	x
Hrossagaukur	1	x	3	x	1	x	1	x
Jaðrakan							2	x
Spói	2	x			2	x	1	x
Stelkur	1	x	1	x	1	x	1	x
Óðinshani	2	x		x	1	x	1	x
Kjói	5	x			1		1	x
Hettumáfur		x	1	x	1	x	1	x

Sílamáfur		x			1			
Hvítmáfur		x		x		x		x
Svarbakur	1	x	1		1	x	1	x
Kría	1	x	1	x	1	x	1	x
Teista				x			A	x
Lundi		x	A					x
Þúfutittlingur	1	x	1	x	1	x	1	x
Máriuerla	1	x	1	x	1	x	1	
Músarindill	1		2		1			x
Steindepill	2	x	1	x	1	x	1	x
Skógapröstur	1	x	1	x	1	x	1	x
Hrafn	1	x	1	x	1		1	x
Auðnutittlingur	3	x	3		5			
Snjótittlingur	1		1	x	1	x	1	x
Fjöldi tegunda	32	31	29	22	36	27	39	34

Viðauki 2. Djúpvvegur nr. 61. Hörtná – Eyrarhlíð.



Núverandi vegir og fyrirhugaðar leiðir ásamt námum. Ljósblá svæði eru námur. Myndin er unnin af Vegagerðinni úr myndum og kortum frá Ísgraf, Landmælingum og Orkustofnun.